

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti að legu Arnarnesvegur í Garðabæ og Kópavogs- kaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 25. þ. m. staðfest uppdrátt að legu Arnarnesvegur í Garðabæ og Kópavogskaupstað frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórnnum Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 423.

29. nóvember 1977.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1978 er bannað að stunda veiðar með þorskfisknetum án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur bundið leyfi skv. 1. gr. við ákveðnar stærðir eða tegundir skipa og að öðru leyti sett þær reglur um úthlutun leyfisbréfa, er þurfa þykir, meðal annars að ekki fái leyfi þau skip, er á ákveðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett í leyfisbréf þau skilyrði, er þurfa þykir um veiðarnar, þ. á m. um meðferð afla, skýrslugerð og önnur atriði til að tryggja gæði hráefnis og effirlit með því að reglum um netaveiðar verði fylgt.

4. gr.

Allar veiðar með þorskfisknetum skulu bannaðar í 10 daga á vetrarvertíð árið 1978 og auglýsir sjávarútvegsráðuneytið með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara á hvaða tímabili þann þetta skuli gilda.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiski-

miða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um greiðslu og skil gjalda til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

I. KAFLI

Gjald af afla, sem landað er hérlendis.

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu hérlendis, án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa við Fiskveiðasjóð Íslands, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins hverju sinni.

Ákvæði 1. málsgreinar eiga einnig við, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn.

2. gr.

Stofnfjár sjóðsgjald skv. 1. gr. skal greiða af öllum afla, sem landað er hérlendis, frá og með 16. febrúar 1976.

3. gr.

Stofnfjár sjóðsgjald af afla lönduðum hérlendis, skal greiðast af fyrsta andvirði hlutaðeigandi afurðalána í viðskiptabanka fiskkaupanda eða fiskmóttakanda. Skal viðskiptabankinn annast innheimtu gjaldsins og taka það af andvirði afurðalánsins og ráðstafa því strax við lántöku til Stofnfjár sjóðsins á grundvelli skýrslna lántaka um magn og verðmæti landaðs afla hjá honum.

4. gr.

Sé ekki tekið lán í banka út á afurðir unnar úr afla skips, sem fellur undir 3. gr. hér að framan, ber fiskkaupanda eða fiskmóttakanda að greiða stofnfjár sjóðsgjaldið innan 10 daga frá því að afla er landað. Gjaldið greiðist þá beint til Stofnfjár sjóðsins.

II. KAFLI

Gjald af afla, sem landað er erlendis.

5. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða gjald, er nemur 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum.